

BORGARRÁÐ 2. maí 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hve mörg börn undanfarin fimm ár hafa ekki fengið skólavist vegna þess að það glímir við djúpstæðan hegðunarvanda tengd röskun af einhverju tagi - 19050014

Óskað er eftir upplýsingum um hve mörg börn undanfarin fimm ár hafa lent á milli skips og bryggju í skólamálum með þeim afleiðingum að barn fær ekki skólavist vegna þess að það glímir við djúpstæðan hegðunarvanda tengd röskun af einhverju tagi? Til að tengja þessa fyrirspurn raunveruleikanum er rifjuð upp nýleg frétt þar sem barn fékk ekki skólavist sem rekja má til þarfar þess fyrir umtalsverða sérþjónustu og sértækrar aðstoðar. Það er alvarlegt þegar borgaryfirvöld sem segist reka stefnu „Skóli án aðgreiningar“ geta ekki sinnt börnum með sérþarfir en samt segir í stefnunni að skólinn eigi að vera fyrir alla. Þetta verður að skoða í víðara samhengi. Það hefur lengi verið vitað að það er ákveðinn hópur barna sem líður illa í skólanum vegna þess þau fá ekki þjónustu við hæfi. Hér er það staðfest enn og aftur að þessi metnaðarfulla ímynd um skóla fyrir er ekki að virka fyrir öll börn og ekki nóg með það heldur er barni sem glímir við mikla erfiðleika tengdum veikindum sínum hreinlega vísað úr skólakerfinu. Þetta er lögbrot. Flokkur fólksins vill fá að vita hve mörg börn hafa verið sett í ólíðandi aðstæður sem þessar